

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Öldugötu, Öldutúns, Ölduslóðar og Hringbrautar vegna Öldugötu 22b.
Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 15. október 2024 breytingu á ofangreindu deiliskipulagi. Breytingin felst í því að skúrin/vinnustofan á Öldugötu 22b verður hluti af deiliskipulagi Öldugötu, Öldutúns, Ölduslóðar og Hringbrautar þannig að skipulagsmörk deiliskipulagsins breytast og leggjast í kringum skúrin/vinnustofuna.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 17. október 2024.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Anna Margrét Tómasdóttir verkefnastjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 31. október 2024